

Greiði húseigandi áætlaðan helming heimtaugargjaldsins um leið og heimtaugar- **267**
 uppsetningu er lokið, er heimilt að veita honum gjaldfrest í allt að 12 mánuði á 14. des.
 eftirstöðvunum. Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar brunabótamat hússins
 hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínuheimtaugar meiri en
 60 metrar, og/eða gildleiki víra meiri en 3×70 qmm, skal húseigandi greiða kostnað
 af því, sem fram yfir er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við
 síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi
 komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, kr. 20.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafar-
 laust, og verður hún ekki endurofnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 20.00
 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá
 þessari um allt að 10%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi
 hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Gerðahrepps hefur samið og samþykkt, og
 gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl
 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni
 öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá fyrir Rafveitu Gerðahrepps, nr. 183
 12. nóvember 1947.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. desember 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Kirkjubýggingarsjóð Kópavogs- **268**
 hrepps“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. des. 1950. 18. des.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjubýggingarsjóð Kópavogshrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kirkjubýggingarsjóður Kópavogshrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum konum í kvennadeildinni „Sjöstjarnan“ í
 Kópavogshreppi.

268

18. des.

3. gr.
Stofnfé sjóðsins er kr. 700.00. Tekjur hans auk árlegra vaxta, er það fé, er honum kann að berast sem gjafir, áheiti, minningargjafir eða á annan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að flýta fyrir og stuðla að kirkjubyggingu í Kópavogshreppi. Yrði kirkjan staðsett í nálægð Hafnarfjarðarvegar. Þegar sjóðurinn er orðinn það stór, að tiltækilegt þykir að byrja á kirkjubyggingu eða þegar kirkjubygging er hafin á þessum stað, má leggja til þess allan höfuðstól sjóðsins og helming árstekna meðan á byggingu stendur. Hinn helmingurinn leggist í sjóð, er síðan verði varið til fegrunar og viðhalds kirkjunni. Sjóðurinn skal ávaxtast í Búnaðarbanka Íslands eða annarri tryggri peningastofnun.

5. gr.

Stjórnina skipa sjö manns, þær fimm konur úr „Sjóstjórnunni“, sem stofnuðu sjóðinn og tveir menn, sem þær velja til með sér. Falli einhver kona frá eða forfallist á annan hátt, velja hinar í hennar stað aðra konu úr kvennadeildinni „Sjóstjarnan“ eða aðra konu, sem búsett er í hreppnum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans. Hún semur árlega reikninga sjóðsins og birtir þá endurskoðaða í Stjórnartíðindum ár hvert. Endurskoðun annast einn maður, sem stjórnin kýs, og sóknarprestur.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema allir stjórnendur sjóðsins séu því sammála.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá forseta Íslands eða biskupi Íslands.

Stjórn sjóðsins skipa nú: Helga Sveinsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Guðrún Halldórsdóttir, Kristín J. Alexandersdóttir, Rósa Stefánsdóttir, Guðmundur Ásbjörnsson, Þórður Þorsteinsson.

Kópavogshreppi, 23. september 1950.

F. h. sjóðstjórnar

Helga Sveinsdóttir,

Gróðrarstöðin Sæból, formaður.

269

19. des.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sigþórs Róbertssonar“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 19. des. 1950. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sigþórs Róbertssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sigþórs Róbertssonar og er stofnaður af hjónunum Sigríði Sigurðardóttur og Róbert Þorbjörnssyni, bakameistara, til minningar um son þeirra Sigþór, sem var fæddur 4. maí 1927 og lézt 19. maí 1950.